

**3504. fundur bæjarráðs, haldinn í Lindinni Dalbraut 4,
28. júlí 2022 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Líf Lárusdóttir formaður bæjarráðs, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Ragnar B. Sæmundsson aðalmaður og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

Fundargerð ritaði: Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

Fundarritari ritar fundargerð í fjarfundi.

Fyrir tekið:

1. 2111203 - Klifurfélag ÍA - aðstöðumál

Erindi Klifurfélagsins um hækkun árlegs framlags Akraneskaupstaðar.

Bæjarráð vísar erindinu til umfjöllunar í skóla- og frístundaráði (mennta- og menningarráði).

Samþykkt 3:0

2. 2207126 - Rafípróttafélag á Akranesi

Málefni Rafípróttafélags á Akranesi.

Ármann Vilhjálmsson og Sölvi Már Sigurjónsson mæta á fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar gestunum fyrir komuna á fundinn og væntir formlegs erindis frá þeim sem færi til úrlausnar í skóla- og frístundaráði (mennta- og menningarráði).

Bæjarráð felur jafnframt bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

3. 2203037 - Mánaðaryfirlit 2022

Mánaðaryfirlit janúar - maí

Kristjana Helga Ólafsdóttir deildarstjóri situr fundinn undir þessum lið sem og undir dagskrárlíðum nr. 4 og nr. 5.

Lagt fram.

4. 2207107 - Fjárhagsáætlun 2023 og þriggja ára áætlun vegna tímabilsins 2024-2026

Tíma- og verkáætlun fyrir fjárhagsáætlun 2023.

Bæjarráð samþykkir tíma- og verkáætlun vegna fjárhagsáætlunar 2023.

Samþykkt 3:0

5. 2206184 - Langtímaveikindi starfsmanna 2022 (veikindapottur)

Veikindapottur janúar - júní 2022.

Samantekt umsókna stofnana Akraneskaupstaðar í veikindapott fyrir tímabilið janúar til og með júní 2022.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir úthlutun fjármuna vegna kostnaðar stofnana Akraneskaupstaðar við afleysingar vegna veikindaforfalla starfsmanna á árinu 2022.

Úthlutunin er vegna tímabilsins 1. janúar til og með 30. júní og nemur samtals kr. 46.003.000 sbr. meðfylgjandi fylgiskjali.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar samþykkir viðauka nr. 13 að fjárhæð kr. 46.003.000. Ráðstöfuninni verður mætt af liðnum 20830-1691, að fjárhæð kr. 45.000.000, og af liðnum 20830-4280, að fjárhæð kr. 1.003.000, og fært á tegundarlykilinn 1691 á hverja stofnun fyrir sig samkvæmt skiptingu sbr. meðfylgjandi fylgiskjali.

Samþykkt 3:0

Kristjana Helga Ólafsdóttir vikur af fundi.

6. 2207128 - Öryggismál við hafnir á Akranesi og Grundartanga

Ásgeir Örn Kristinsson fulltrúi Björgunarfélags Akraness mætir á fundinn undir þessum lið.

Bæjarráð þakkar Ásgeiri Erni Kristinssyni fyrir komuna og að færa þetta mikilvæga mál í tal við bæjarráðsfulltrúa.

Bæjarráð felur bæjarstjóra og fulltrúum Akraneskaupstaðar í Faxaflóahöfnum frekari úrvinnslu málsins.

Samþykkt 3:0

Ásgeir Örn Kristinsson vikur af fundi.

7. 2204136 - Deiliskipulag Akratorgsreits - Laugarbraut 23

Grenndarkynnt var viðbygging við Laugarbraut 23 en fyrirhugð breyting er fólgin í að byggð verður hæð ofan á hluta fyrirbyggjandi mannvirkis og nýtingarhlutfall lóðar aukið um 0,1, fer úr 0,3 í 0,4 en nýtingarhlutfall aðbyggjandi lóða er 0,65.

Erindið var grenndarkynnt frá 25. apríl til og með 25. maí 2022. Engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að skipulagsbreyting skv. grenndarkynningu verði samþykkt, send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraness samþykkir breytingu á deiliskipulagi Akratorgsreits vegna Laugarbrautar 23, að deiliskipulagsbreytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt 3:0

8. 2203231 - Deiliskipulag Arnardalsreit - Skagabraut 43 - breyting bílþvottastöð

Umsókn um að koma fyrir bílþvottastöð á lóðina skv. meðfylgjandi uppdrætti. Fyrirhuguð breyting er fólgin í að bætt verður við lóðina tveimur byggingareitum, annars vegar fyrir geymsluskúr sem fyrir er á lóðinni og hins vegar fyrir bílþvottastöð. Byggingarreitur fyrir þjónustuhús og skyggni yfir dælum er einnig aðlagður að fyrirbyggjandi mannvirkjum og nýtingarhlutfall lóðar verður 0,35. Erindið var grenndarkynnt frá 23. júní til og með 22. júlí 2022, engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að deiliskipulagsbreyting skv. grenndarkynningu verði samþykkt send Skipulagsstofnun og auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraness samþykkir breytingu á deiliskipulagi Arnardalsreits vegna Skagabrautar 43, að deiliskipulagsbreytingin verði send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda.

Samþykkt 3:0

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 12:30.